

Yggdrasil Carbon
Fagradalsbraut 11
700 Egilsstaðir

Sent með tölvupósti á: ingibjorg@yggcarbon.is

Reykjavík, 10. maí 2023

Efni: Athugasemdir vegna vottunarferlis á skógræktarverkefni í Múlþingi

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér gögn skógræktarverkefnis sem er að fara í gegnum alþjóðlega staðalinn Gold Standard og er 65 hektara skógræktarverkefni á jörð í Múlþingi. Eftirfarandi athugasemdum er hér með komið á framfæri.

Stjórn Landverndar fagnar að unnið er að því að fá alþjóðlega viðurkennda vottun á loftslagsverkefnum Yggdrasil Carbon. Gott er einnig að þetta ferli inniheldur svona viðtækt samráð við fjölbreyttan hóp hagsmunaaðila. Vottunarferlið er mjög yfirgrípsmikið og veitir mikilvægar upplýsingar.

Stjórn Landverndar þakkar fyrir þetta tækifæri að geta komið athugasemdum á framfæri og fylgst með þróun og uppbyggingu á vottunarferlinu.

Almennar athugasemdir vegna vottunar á loftslagsverkefnum með skógrækt

Til þess að stuðla að góðum árangri aðgerða í loftslagsmálum er mikilvægt að kolefnisbinding megi ekki vera valkostur við samdrátt í kolefnislosun. Tryggja þarf að verkefni um kolefnisbindingu munu ekki draga úr hvata til að minnka kolefnislosun¹. Hvernig ætlar Yggdrasil Carbon að tryggja þetta varðandi starfsemi sína? Eru t.d. kröfur gerðar um að minnka losun um ákveðið hlutfall, t.d. 50%, áður en fyrirtæki mega nota kolefnisbindingu inn í kolefnisbókhaldið?

Á hvaða hátt er tekið tillit til ólíkra tímaramma á milli kolefnislosunar og kolefnisbindingar með skógrækt? Losunin á sér stað á nútíma og koltvísýringur sem fer út í andrúmsloft núna hefur áhrif í langan tíma. Að binda sama magn af koltvísýringi með nýskógrækt tekur hins vegar áratugi.

Nýskógrækt á Íslandi með erlendum trjátegundum hefur sína kosti og galla og er umdeild. Stjórn Landverndar vill áréttta að það er mikilvægt að horfa ekki bara á hvert verkefni eitt og sér heldur einnig á verkefni á svipuðum svæðum sem eina heild sérstaklega til að meta samlegðar áhrifin þeirrar saman á líffræðilega fjölbreytni, náttúruvernd, landslag og séreinkenni íslenskrar náttúru. Fylgjast þarf með rannsóknum á þessu sviði og þeim umræðum og ákvörðunum sem verða teknar. Gott að meðvitund er til staðar um það að fura er skilgreint sem hugsanlega ágeng tegund í NOBANIS gagnagrunni og um mismunandi ályktanir fagaðila hér á landi varðandi notkun á furu.

¹ <https://heimildin.is/grein/17418/graenthvottur-med-kolefnisjofnun/>

Athugasemdir við skógræktarverkefnið í landi Mýrar í Múlapingi

Gott að heyra að ekki er gert ráð fyrir að planta í votlendi né að nota einhverjar framræsluaðferðir. Einnig stendur ekki til að planta í svæði með mikið af grasvíði (e. Dwarf Willow) sem hefur hátt verndargildi.

Eftirfarandi spurningar hafa vaknað hjá stjórn Landverndar um verkefnið:

- Eru lagðar áherslur á það að skógurinn falli að landslagi og að t.d. klettur sem einkenna landslagið verða áfram sýnilegar?
- Hvernig er kolefnislosun reiknað inn í/dregið frá bindingu sem verður vegna jarðraskis við jarðvegsvinnslu til að undirbúa gróðursetningu?
- Við jarðvinnslu, girðingarvinnu o.fl. verður einnig kolefnislosun við notkun á dráttarvél og bílum. Hvernig er það reiknað inn í heildartöluna?
- Hvernig er kolefnisspor vegna framleiðslu og flutnings á tilbúnum áburði reiknað inn í heildartöluna?
- Eru ekki gerðar mælingar á kolefnisforða í jarðvegi og væntanlega bindingu kolefnis í jarðvegi?

Í töflu B.6. Sustainable Development Goals (SDG) outcomes á bls. 22 í „KEY PROJECT INFORMATION & PROJECT DESIGN DOCUMENT“ kemur fram sem áhrif á heimsmarkmið 13 að verkefnið er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda („reduction in GHGs emissions“). Hið rétta er að verkefnið er að binda kolefni úr andrúmslofti en minnkar ekki losun.

Talað er um að girða svæðið af og koma þannig í veg fyrir að kindur, geitur og hreindýr komast inn í skógræktina. Þar sem venjulegar girðingar duga ekki fyrir hreindýr sem hoppa einfaldlega yfir þær er spurt hvernig er gert ráð fyrir að girða af fyrir hreindýrum?

Stjórn Landverndar bendir á að það væri hægt að græða upp svæðin þar sem jarðvegsrof á sér stað líka á annan hátt en að planta í þau erlenda trjátegundir, eins og með lága áburðaskammta eða heymoði. Þá væri verið að efla náttúrulegan gróður svæðisins og stuðla að líffræðilega fjölbreytni. Skilja má skrifin í skýrslunni eins og að planta trjám væri eini möguleikinn til að græða upp svæðin þarna og það er ekki rétt.

Á bls. 12 í „Risks & Capacities Guideline for ‘Land Use & Forest’ projects“ er gert ráð fyrir að hægt er að minnka áhættu vegna breytingar á loftslagi töluvert með því að velja „réttu“ tegundir eftir bestu faglegu ráðum. Er virkilega hægt að minnka áhættuna svona mikið á 50 ára samningstíma þessa skógræktarverkefnis þar sem líkur á öfgum í veðri aukast töluvert vegna loftslagsbreytingar?

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri